

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 23. Ágúst 2021

Mál nr. 146/2021 - Undirbúningar að uppfærðri landsskýrslu um innleiðingu Árósasamningsins

Ráðuneytið hefur lýst eftir athugasemdum almennings vegna uppfærslu landsskýrslu Íslands um innleiðingu Árósasamningsins. Hér fylgja nokkrar ábendingar frá Landvernd en þær eru ekki tæmandi og samtökin boða nána eftirfylgni með þessu máli sem og frekari athugasemdir og ábendingar.

Landvernd vísar í fyrri erindi sín vegna aðgerðaáætlunar UAR um Árósasamninginn¹ sem og kæru Landverndar og fleiri samtaka² vegna brota íslenskra stjórnvalda á samningnum til ESA og eftirlitsnefndar samningsins³. Þrátt fyrir að ESA hafi í bráðabirgðaúrskurði sínum fallist á öll málsrök Landverndar í apríl 2020⁴ hafa íslensk stjórnvöld enn ekki felld úr gildi þau lög sem brjóta gegn EES reglum sem byggja á Árósasáttmálanum.

Landvernd bendir á að UAR hefur ekki fylgt eftir sinni eigin aðgerðaáætlun um Árósasamninginn¹ né hafa fullnægjandi svör fengist frá ráðuneytinu hverju sæti. Framvinduskýrslur aðgerðaáætlunarinnar hafa ekki verið birtar. Ráðuneytið þarf hið bráðasta að bæta úr þessum vanköntum.

Að lokum vill Landvernd benda á umsögn sína um mikilvæga breytingu sem verður að gera til þess að almenningur og frjáls félagasamtök standi jafnfætis hagsmunaaðilum varðandi aðgengi að dómstólum til að leysa úr ágreiningsmálum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Umhverfisverndarsamtök eru eins og málum er háttað í dag útilokuð frá að leggja mál sín fyrir dómstóla vegna meints skorts á aðild þrátt fyrir að framkvæmdaaðilar hafi til þess fulla heimild. Þessi túlkun hefur gert Landvernd erfitt fyrir í sínum mikilvæga starfi að þjóna sem rödd íslenskrar náttúru⁵. Þessi veika staða á þátt í því að

¹ [Fyrirspurn til umhverfisráðherra: Hver er staðan á aðgerðaáætlun vegna Árósasamningsins? - Landvernd](#)
[Umsögn um innleiðingu Árósasamningsins - Landvernd](#)

[Íslensk stjórnvöld þurfa að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, umsögn Landverndar](#)

² [Landvernd kvartar til ESA vegna breytinga á lögum um fiskeldi - Landvernd](#)

³ [Fréttatilkynning: Ísland klagði fyrir eftirlitsnefnd Árósasamningsins í fyrsta skipti - Landvernd](#)

⁴ [Letter \(eftasurv.int\)](#)

[Bréf til ráðherra vegna brota á reglum um umhverfismat - Landvernd](#)

⁵ [Umsögn um breytingar á lögum um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála - Landvernd](#)

náttúruverndarsjónarmið lúta oftast lægra haldi þegar hagnunaöfl knýja fram umdeildar framkvæmdir. Það er þjóðréttarleg skylda íslenskra stjórnvalda að gera umhverfisverndarsamtökum kleift að leggja álitamál undir dómsstóla eins og ákvæði Árósasamningsins kveður á um. Slíkt brot á grunnreglum réttarríkisins þar sem aðilum er mismunað gagnvart dómskerfinu er íslenskum yfirvöldum og sérstaklega Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, ekki til álitsauka svo vægt sé til orða tekið.

Ráðuneytið er hvatt til þess að lesa ítarlega allar umsagnir, úrskurði og erindi sem vísað er til hér og til þess að hafa samband við Landvernd ef einhverjar spurningar vakna. Forsvarsfólk samtakanna er boðið og búið til þess að aðstoða við að bæta aðkomu almennings að ákvarðanatöku í umhverfismálum.

Með vinsemi og virðingu,
f.h. Landverndar
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri